

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Nýlistasafnið.

### 1. gr.

#### *Sjálfsseignarstofnun.*

Sjálfsseignarstofnunin heitir Nýlistasafnið og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 og skv. gildandi safnalögum. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur Nýlistasafnsins eru þeir íslensku listamenn er staddir voru á stofnfundi og undirrituðu fyrstu skipulagsskrá stofnunarinnar. Ennfremur þeir listamenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda höfðu þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrána með undirritun sinni.

### 3. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.045.000 og er til staðar í stofnuninni. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

### 4. gr.

#### *Starfsstefna og markmið.*

Starfsstefna Nýlistasafnsins er endurskoðuð og undirrituð á fjögurra ára fresti af stjórn í samræmi við eftirfarandi markmið sem eru grunnur að starfsemi:

- a) að vera vettvangur tilrauna í myndlist,
- b) að stuðla að gagnrýnni skoðun á möguleikum og tilgangi myndlistar á Íslandi,
- c) að efla listaverkæign sína þannig að hún gefi sem gleggsta sýn á myndlist hvers tíma í hugmyndafræðilegum, verklegum og sögulegum skilningi,
- d) að sinna almennum skyldum listasafns um söfnun, varðveislu, skráningu, skrif, rannsóknir, upptökur og útgáfur er varða samtímalistasögu frá 1960 til dagsins í dag.

Heildarstarfsstefna Nýlistasafnsins skal endurspegla ofangreind markmið.

### 5. gr.

#### *Rannsóknir og fræðistörf.*

Stjórn er heimilt að veita utanaðkomandi aðilum, þ.e. listfræðingum, listamönnum, listnemunum og áhugamönnum um listir aðgang að almennum heimildum safnsins.

### 6. gr.

#### *Starfsmannahald.*

Stjórn stofnunarinnar ræður einstakling sem er ábyrgur fyrir starfsemi safnsins í fullt starf eða hlutastarf, svo og annað starfsfólk.

Stjórn ber að tryggja að einstaklingurinn sé hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð. Einstaklingurinn starfar í umboði stjórnar og hefur sjálfstæði til þess að taka ákvarðanir fyrir safnið innan samþykktis fjárhagsramma og í samvinnu við stjórn varðandi starfsmannamál, söfnun og útlán.

Þessi einstaklingur ber ábyrgð á rekstri safns gagnvart stjórn þess og hefur aðgengi að fulltrúaráði. Sú manneskja sem er ábyrg fyrir starfsemi safnsins fylgir siðareglum ICOM.

### 7. gr.

#### *Húsnæðismál.*

Stjórn sér um að safnið sé í viðunandi húsnæði. Stjórn er heimilt að leigja eða kaupa húsnæði fyrir safnið.

## 8. gr.

*Fulltrúaráð Nýlistasafnsins.*

Áhugamenn um Nýlistasafnið mynda með sér fulltrúaráð sem nefnist *fulltrúaráð Nýlistasafnsins* og kýs fulltrúaráðið stjórn félagsins úr sínum röðum.

Allir áhugamenn um myndlist geta sótt um að gerst fulltrúar í fulltrúaráði Nýlistasafnsins. Nýir fulltrúar eru teknir inn á ársfundi. Fulltrúar greiða árlegt fjárframlag sem ársfundur ákveður hverju sinni. Atkvæðisréttur allra fulltrúa er jafn. Fulltrúi sem eigi er í skilum með fjárframlag sitt í upphafi ársfundar missir atkvæðisrétt sinn þar til skil hafa verið gerð. Þeir fulltrúar í fulltrúaráði sem vilja leggja inn heimildir eða listaverk eftir sig eða aðra í safneign og heimildarsöfn félagsins geta gert það og tekur stjórn afstöðu til gjafa árlega skv. söfnunarstefnu.

## 9. gr.

*Úrsögn.*

Úrsögn úr fulltrúaráði skal vera skrifleg og sendast stjórn.

## 10. gr.

*Gjafir og gjafabréf.*

Þau verk sem afhent eru Nýlistasafninu til eignar heyra undir íslensku höfundalögin nr. 72/1973. Samkvæmt 61. gr. laganna nær gildissvið þeirra til allra íslenskra höfunda og til erlendra höfunda sem sýnt hafa hér á landi.

Nýlistasafnið áskilur sér samkvæmt 25. gr. höfundalaga, rétt til opinberra sýninga og annarra listupþákoma á listaverkum og heimildum safnsins sem samræmast starfsstefnu og markmiðum safnsins.

Nýlistasafnið áskilur sér rétt til eftirgerðar listaverka og heimilda, svo sem að gera kort, ljósmyndir, litskyggjur, myndir, filmur, upptökur og afrit, til eigin notkunar. Njóta þessar eftirprentanir verndar höfundaréttar samkvæmt 3. gr. laganna.

Nýlistasafninu er óheimilt að láta af hendi listaverk og heimildir safnsins nema til láns eða leigu.

Nýlistasafninu er óheimilt án samþykkis höfundar að taka upp til endurflutnings beinan listflutning hans.

Stjórn Nýlistasafnsins er skylt samkvæmt 25. gr. laganna að lána höfundi eigin verk til sýningar en ekki nema að það sé tryggt að verkið verði ekki fyrir skemmdum eða glatist. Slík lán vara þó ei lengur en í eitt ár samfellt eða frá fyrsta degi útlánasamningsins.

Öllum þeim gjöfum sem afhentar eru safninu til eignar, þ. á m. listaverkum og heimildum, fylgir gjafabréf þar sem skilgreining á vörslurétti safnsins kemur fram ásamt upplýsingum um rétt höfunda.

## 11. gr.

*Fundarhöld og atkvæðagreiðslur.*

Ársfund skal halda að vori ár hvert. Til hans skal boðað með sannanlegum hætti með eigi skemmri fyrirvara en 14 dögum.

Ársfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og að minnsta kosti 20 fulltrúar úr fulltrúaráði með lögheimili á Íslandi sækja fundinn. Verði ársfundur ólögmætur vegna ónógrar fundarsóknar skal stjórnin boða til framhaldsársfundar innan 30 daga með 14 daga fyrirvara. Framhaldsársfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar.

Til almennra funda skal stjórn boða þegar henni þykir ástæða til. Skal boða til slíkra funda með minnst sjö daga fyrirvara.

Krefjist 1/6 hluti aðila úr fulltrúaráði almenns fundar og tilgreini fundarefni í skriflegum til-mælum til stjórnar, þá skal stjórnin boða til slíks fundar innan 14 daga. Verði stjórnin eigi við til-mælum innan þess frests geta þeir er fundar óskuðu sjálfir boðað fund og skal þeim veittur aðgangur að skrá yfir aðila að fulltrúaráði.

Samþykktum á almennum fundum getur stjórn félagsins vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta ársfundi, ef hún telur þær skerða heildarhagsmuni félagsins eða safnsins eða víkja um of frá markaðri stefnu.

Meirihluti atkvæða á ársfundi ræður úrslitum í öllum málum, sjá þó 17. gr. um slit sjálfseignarstofnunarinnar.

## 12. gr.

*Dagskrá ársfundar.*

Á ársfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar.
3. Upptalning nýrra félagsmanna.
4. Kjör stjórnar.
5. Fjárhagsáætlun og ársgjald.
6. Breytingar á skipulagsskrá.
7. Önnur mál.

## 13. gr.

*Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum einstaklingum sem kosið er um á ársfundi úr röðum skráðra fulltrúa í fulltrúaráði. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn en meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Ef meðstjórnandi hættir áður en kjörtímabili hans lýkur skal varamaður skipa sæti hans og ljúka kjörtímabilinu. Fáist ekki niðurstaða í formannskjöri skal kjósa enn einn meðstjórnanda til eins árs, og velur stjórnin síðan formann úr hópunum.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórnin fer með öll málefni safnsins milli ársfunda og er ædsta vald í málefnum stofnunarinnar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði.

Stjórnin er jafnframt sýninganefnd og mótar stefnu safnsins á opinberum vettvangi.

Stjórnin skal halda gerðabók, en í hana skal rita stutta skýrslu um allt það sem gerist á stjórnarfundum, almennum fulltrúaráðsfundum og ársfundum, og allar fundarsamþykktir orðréttar.

Í varastjórn skulu kosnir þrjú einstaklingar til eins árs í senn. Varamönnum í stjórn er heimilt að sitja stjórnarfundum. Heimilt er að kjósa í varastjórn aðila úr fulltrúaráði sem starfar erlendis.

Kjörgengi til stjórnar eiga allir fulltrúar í fulltrúaráði, en þó skal þess gætt að seta þeirra í stjórn skarist ekki í veigamiklum atriðum við hagsmuni sem þeir kunna að hafa hjá öðrum listastofnunum.

Stjórn hefur það hlutverk að tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu, og tryggja að safnið starfi að lögum. Stjórn ber að tryggja sjálfstæði safnsins. Stjórn ber að sjá til þess að stjórnun sjálfseignarstofnunarinnar og meðferð fjármuna hennar sé á hverjum tíma í réttu og góðu horfi og í samræmi við skipulagsskrá. Stjórn er í forsvari fyrir sjálfseignarstofnunina, hefur heimild til að skuldbinda hana út á við og veita öðrum umboð í samræmi við ákvæði skipulagsskrár.

Stjórn starfar eftir siðareglum ICOM.

## 14. gr.

*Endurskoðun reikninga.*

Reikningsár félagsins miðast við 1. janúar ár hvert. Reikningar skuli vera bókaðir af óháðum aðila og yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda fyrir ársfund. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Forstöðumaður og/eða gjaldkeri skýrir reikninga á ársfundi.

## 15. gr.

*Fjármál.*

Fjármagna skal allan rekstur safnsins með virðulegum hætti.

Stjórn og starfsfólk tryggir fjármögnun safnsins.

Óheimilt er að veita viðtöku fjármunum ef fylgja skilyrði er fara í bága við markmið safnsins. Stjórn er heimilt að sækja um fjárstyrki til viðurkenndra lista- og menningarstofnana, innlendra sem erlendra.

Stjórn er heimilt að koma á fót styrktarmannakerfi í þeirri mynd er samrýmist markmiðum safnsins.

Stjórn er heimilt að innheimta aðgangseyri að sýningum.

Stjórn er heimilt að selja innan veggja safnsins eftirgerðir af listaverkum, tímarit og annað þess háttar í samræmi við íslensk höfundalög.

Allar tekjur af rekstri skulu nýttar til reksturs safnsins. Safnið skal ekki rekið í hagnaðarskyni.

16. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá.*

Stjórn skal senda tillögur til breytinga á skipulagsskrá með fundarboði til ársfundar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.

17. gr.

*Slit sjálfseignarstofnunarinnar.*

Verði starfsemi safnsins lögð niður skal safnkosti þess ráðstafað í samráði við viðkomandi höfuðsafn til aðila sem þá er til eða síðar kann að verða stofnað til og hefur sömu markmið og Nýlistasafnið, að því marki sem frekast er unnt. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

Starfsemi fulltrúaráðs og safnsins verður því aðeins lögð niður að tillaga þar að lútandi sé kynnt í fundarboði að ársfundi og samþykkt með atkvæðum 4/5 hluta atkvæðisbærra aðila úr fulltrúaráði. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.

18. gr.

*Staðfesting á skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessi skal koma í stað skipulagsskrár fyrir stofnunina nr. 1192 sem staðfest var af forseta Íslands 28. febrúar 1978 og birt í Stjórnartíðindum nr. 208/1978. Breytingar hafa verið gerðar og samþykktar á ársfundum árin 1986, 1990, 1992, 1994, 1995, 1996, 2005, 2007, 2010 og 2013. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari og fellur þá eldri skipulagsskráin úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 4. október 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

*Lára Kristín Gísladóttir.*